

212. fundur stjórnar LSS haldinn miðvikudaginn 11.01 2012 kl. 13:00
á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.

Mættir: SBB, IGG, BKr, JS, EK, SvB, VLF.

Í upphafi fundar var skrifað undir gögn vegna yfirfærslu á bankaviðskiptum.

1. Fundargerð síðasta fundar.

SP

2. Inntaka nýrra félaga

Engar umsóknir

3. Sjúkraflutningar

SvB er á fundi í Velferðarráðuneytinu.

4. Málefni starfsmanna hjá ISAVIA

Isavia ohf hefur ráðið 5 félagsmenn LSS á Akureyrarflugvöll. Þeir óskuðuð allir eftir því að vera áfram í LSS, en voru krafðir um að skrifa undir ráðningar-samninga þar sem fram kom stéttarfélagasáðild hjá FFR, á þeirri forsendu að starfsheitið væri til þar en ekki hjá LSS. Formaður og framkvæmdastjóri hafa mótmælt þessum vinnubrögðum við starfsmannastjóra Isavia, sem býður þá starfsmönnum upp á að öll gjöld skuli greidd til LSS en að öllu öðru leiti farið eftir kjarasamningi FFR.

Formaður og framkvæmdastjóri fóru á fund (að ósk LSS) með lögfræðingi BSRB, form. og frkvstj. FRR og form. FÍF. Fundurinn ákvað að BSRB myndi reyna að fá fund með þeim félögum sem hafa kjarasamning við Isavia ohf og fulltrúum þeirra í næstu viku. LSS er í sambandi við FIT og Samiðn vegna málsins og mun funda með þeim í fyrramálið.

5. Flýtt starfslok niðurstaða nefndar

Lagt fram niðurstaða frá nefnd.

Þar kemur m.a. fram að slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn á Íslandi fara seinna á eftirlaun en kollegar þeirra á hinum norðurlöndunum.

6. Starfsmat

Er ennþá í vinnslu, niðurstöður á næstu vikum.

7. Kjarasamningar hlutastarfandi.

Eru í biðstöðu þar sem þeir munu taka mið af niðurstöðum úr starfsmatinu.

8. Þing LSS

13. og 14. apríl í Lágmúla. Laganefnd mun fara yfir lög LSS og koma með breytingartillögur..

9. Fundardagar stjórnar til vors

Fundardagar verða 14.febrúar, 13.mars og 10.apríl.

10. Önnur mál:

a)